

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 143/1227
komudagur 10. 3. 2014

Garðabær, 10. mars 2014
2014020027/42-1-3
TB,KHS
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra.

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 20. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra, 282. mál, með hliðsjón af skýrslu sérfræðingahóps um sama efni¹.

Náttúrufræðistofnun tekur undir framkomna tillögu til þingsályktunar. Í greinargerð með tillögunni eru rakin nokkur atriði sem þörf er talin á að breyta í núverandi löggjöf, sem oft er nefnd villidýralögin, svo færa megi hana til nútímans. Til dæmis er bent á að villidýralögin ná ekki til hvala og sela og ná því ekki til allra spendýra og að gera þarf verndarsjónarmiðum jafnhátt undir höfði og veiði- og nytjasjónarmiðum. Einnig er bent á að Ísland hefur einnig gerst aðili að alþjóðlegum samningum sem fela í sér ýmsar skuldbindingar varðandi málefni villtra fugla og spendýra. Þó núgildandi lög séu að mörgu leyti byggð á t.d. Bernarsamningnum þarf engu að síður að laga helstu ágalla á þeim eins fljótt og auðið er. Rétt er að benda á að þó þörf sé á að breyta ýmsu í framangreindum lögum þá er ekki síður mikilvægt að viðkomandi ráðuneyti og stofnanir skoði einnig tillögur sérfræðingahóps um hvað megi betur fara í framkvæmd laganna og hægt er að leysa innan núgildandi laga.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Neðanmálgrein: 1, *Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir og Sigmar B. Hauksson (2013). Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra. 350+xi bls ásamt viðaukum.*

